



2012-2014

Skóli á grænni grein



Verkefnisstjóri: Bolette Høeg Koch



Umhverfissáttmáli Þjórsárskóla

Yfirmarkmiðin eru að:

- Styðja alþjóðlega umhverfisvernd og vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð
- Nemendur fræðist um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna.
- Skóli og heimili taka höndum saman um að efla ábyrgð nemenda gagnvart nánasta umhverfi sínu.
- Örva og efla vitund nemenda um gildi þess að umgangast landið af virðingu
- Nemendur læri um mikilvægi þess að það sem er náttúrulegt hverfi aftur til náttúrunnar og sé endurnýtt.
- Umhverfisvitund verði eðlilegur þáttur í menningu og daglegu lífi.

Markmið Þjórsárskóla 2012-2014

Að nemendur

- Vinni verkefni um umbúðir og möguleika á að draga úr þeim
- Tína rusl í nærumhverfinu
- Vinni stór verkefni úr efni úr Þjóðskóginum
- Fræðist um ræktun á grænmeti
- Rannsaki vöxt trjáa og fleiri planta
- Fræði foreldra og nærsamfélagið um verkefni tengd grænfánum

Áætlun fyrir 2012-2014

- Nemendur vekja athygli og áhuga á umbúðanotkun
- Nemendur stuðli að því að nota sem minnst einnota ílát
- Nemendur safni rusli í einn mánuð í senn, tvisvar á ári, hafa keppni
- Planta fleiri trjám til að mynda skjól við skólann
- Nota efni úr Þjóðskógi til að vinna stærri smíðaverkefni úti
- Nemendur rækti meira grænmeti á skólalóðinni
- Nemendur fylgist með, mæli og geri rannsókn á vexti trjáa á skólalóðinni
- Nemendur fræði foreldra og nærsamfélagið um vinnu tengda grænfánum innan skólans

Markmið 2010-2012

Að nemendur

- Vinni verkefni úr efni sem fellur til í skólanum sem annars væri hent
- Hreyfi sig í nærumhverfinu
- Vinni verkefni úr rusli
- Fræðist um hollt lífni í sátt við náttúruna
- Fræðist um sjálfbærni og leiðir sem eru færar fyrir nemendur
- Fræði foreldra og nærsamfélagið um verkefni tengd grænfánum

Áætlun fyrir 2010-2012

- Nemendur nota í myndmennt, smíði og textílmennt efni sem lokið hefur hlutverki sínu
- Nemendur safni rusli og nýti í verkin sín
- Farið verður oft út og unnin verkefni úti sem krefjast hreyfingar og skoðunar á nærsamfélaginu
- Farið í Þjóðskóginn í útikennslu
- Nemendur fá fræðslu um þarfir líkamans á hvíld, hreyfingu og næringu
- Nemendur fá fræðslu og ræði um hvernig þeir geti tekist á við sjálfbærni, gangi vel um matinn, taki tillit til samnemenda og annarra. Passi upp á skólalóðina og geri hana betri. Hafi skoðun á nærumhverfinu og þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum
- Nemendur haldi heilsudag þar sem kynnt eru verkefni í til dæmis líkama mannsins og hringrásum

Markmið 2008 – 2010

Að nemendur

- Vinni í skólalóðinni
- Fræðist um fleiri flokkunar möguleika en við höfum
- Fræði samfélagið í kringum okkur
- Leggi til að skólinn skipuleggi innkaup sín með gæði og endingu í huga.

Áætlun fyrir 2008 -2010

- Nemendur taka þátt í að skipuleggja skólalóðina
- Nefndin skipuleggur fleiri rusladaga
- Settar verða upp ábendingar um umgengni úti við
- Eldri nemendur fara í Sorpu og fá fræðslu þar
- Tekinn verður saman smá bæklingur um umhverfisstefnu skólans fyrir foreldra og hreppsþúa. Lýsing af hvar í sveitinni hægt er að losa sig við sorp og hvernig flokkunar möguleikarnir eru. Fá hreppsnefndina með okkur og prenta bæklinginn og dreifa.
- Farið verður yfir með skólastjóra hvernig innkaupum er háttað.
- Keypt verður lífrænt ræktað grænmeti, þegar hægt er.
- Keypt verði íslensk framleiðsla þegar hægt er.

Markmið fyrir 2006-2008

Að nemendur

- kynnist nánasta umhverfi sínu.
- kynnist sögu og menningu á svæðinu.
- læri um gróðurfar.
- fræðist um orkuframleiðslu í sveitafélaginu.
- kynnist breytingum á atvinnu og búsetu.

Áætlun fyrir 2006-2008

- Að skólinn bjóði til sín eldri borgara sem búsettur er í sveitarfélaginu.
- Að fara í gönguferðir í nágrenninu.
- Að nemendur fái fræðslu um Búrfellsvirkjun.
- Að nemendur kynnist landnámi, eldgosum og fleiru sem áhrif hefur haft á byggðina.

Markmið fyrir 2004-2006

- Að minnka orkunotkun með því að:
 - slökkva ljósið þegar farið er út úr stofunni.
 - slökkva ljósið á klósettunum.
 - slökkva á tölvunum eftir daginn.
 - fræða nemendur um orku.
- Að gera nemendur öflugri í moltuvinnslu.
- Að sýna nemendum fram á hagnýti moltugerðar með kartöflurækt í jarðvegi úr moltukössunum við skólann.
- Að auka samstarf við foreldra.

Áætlun fyrir 2004-2006

- Að setja niður kartöflur og taka upp aftur

- Nýta kartöflurnar í skólanum.
- Að senda upplýsingar heim til foreldra.
- Senda nemendur heim með spurningalista um flokkun sorps á heimilinu.
- Að kenna nemendum um mismunandi orkuframleiðslu.
- Fara með nemendur í heimsókn í virkjanir.

Markmið fyrir 2002-2004

- Að bæta umhverfi skólans.
- Að bæta umhverfisvitund nemenda og virðingu fyrir umhverfinu.
- Að minnka sorpið sem frá okkur fer.
- Að nemendur læri að flokka sorp og spara orku.

Áætlun fyrir 2002-2004

- Að nemendur og starfsfólk:
 - flokki lífrænt rusl.
 - flokki pappír.
 - flokki fernur.
 - slökkvi ljósið þegar farið er út úr stofunni.

Bæta fræðslu til nemenda og foreldra.

Hafa umhverfisstefnuna sýnilegri.

Skipuleggja hreinsunardag í hverfinu.

Minnka sápu- og handþurrkunotkun.

Að bílstjórar:

- drepi á bílunum fyrir utan skólann.

Að skólinn:

- kaupi og noti hreingerningarefni sem eru vottuð með umhverfisvottun.



Nemendur nota efni úr Þjóðskógi til að vinna stærri smíðaverkefni úti, 2013

Framkvæmdaáætlun

Umhverfisnefnd skólans er kosin lýðræðislega í 5.-7. bekk. Hún starfar með verkefnisstjóra Bolette Høeg Koch og ræstitækni okkar Hrafnhildi Ágústdóttur og heldur fundi á skólatíma.

Umhverfissáttmálinn hangir uppi í skólanum, þar sem allir nemendur, starfsmenn og gestir sjá.

Í skólanum flokkum við rusl í neðangreinda flokka. Flokkunin er þriggja tunnu kerfi sem tekur mið af þeim flokkum sem Íslenska Gámafélagið og Skeiða- og Gnúpverjahreppur bjóða okkur upp á, á gámasvæðinu við Árnes.

Í moltugerðartunnuna fer:

- brauð
- ávextir
- grænmeti
- eggjaskurn
- kaffikorgur
- pappír
- hafragrautur, kornflex

Moltan úr moltutunnunni er notuð til að setja í beð sem við setjum kartöflurnarniður í, á vorin. Einnig er notuð molta til að skipta um jarðveg í pottaplöntunum sem til eru í skólanum og eins hjá þeim kryddjurtum sem við ræktum.

Pappír flokkast á eftirfarandi máta:

- Pappír úr tættara á skrifstofunni fer í moltutunnuna.
- Pappír sem notaður hefur verið öðru megin fer í kassa og er síðan notaðu aftur.
- Fullnýttur pappír fer svo í grænutunnuna.

Fernur eru lítið notaðar í skólanum, nemendur fá mjólk úr 10 lítra kössum í morgunmatnum. Plaströr úr kössunum eru notaði í föndur og starfagerð hjá 1. bekklingum.

Kaffi pokar eru notaðir sem efni í vélsaumaverkefni.

Pappakassar sem koma með vörur eru endurnýttir, notaði í leikmyndir, muni og búningar. Einnig sem kassar áfram.

Rafhlöður eru settar í gám frá Íslenska Gámafélaginu.

Reynt er að halda handþurrku- og handsápunotkun í lágmarki. Á salernunum hanga skilti sem minna á að spara notkun. Á starfmannaklósettunum er búið að hengja upp handklæði aftur, en heilbrigðiseftirlitið leyfir það ekki hjá nemendum.

Skilti hanga á skólanum til þess að minna á að hafa bíla ekki í gangi á skólaplaninu.

Með markvissri fræðslu um orkunotkun og orkuframleiðslu hefur verið reynt að halda orkunotkun í lágmarki. Miðar eru við rofana í kennslustofunum til þess að minna á að slökkva ljósin.

Hreinsun í kringum skólann hefur verið skipulögð þannig að skólalóðinni hefur verið skipt niður í nokkur svæði og hver bekkur tekur eitt svæði.

Árlega förum við, nemendur og starfsfólk skólans í fræðslu- og landgræðsluferð í samvinnu við Landgræðsluna sem hefur aukist með tilkomu nýs verkefnis: Vistheimt.

Fróðleikur til foreldra, nemenda og annarra sem áhuga hafa er sett á heimasíðu skólans til þess að stuðla að betri fræðslu.



6. bekkur að undirbúa kartöflubeðið 2013

Kennslumarkmið Þjórsárskóla

Allar nemendur vinna að markmiði skólans en á mismunandi vegu

Umhverfismennt í öllum árgöngum

Markmið:

Að nemendur

- fræðist um sjálfbærni og skynji “ein jörð fyrir alla”
- hafi jákvæð viðhorf til alls lífs og umhverfis

- öðlist þekkingu á umhverfi sínu og hringrásum í náttúrunni
- vinni að verkefnum sem stuðla að bættu umhverfi
- flokki pappír, fernur, endurnýtanlegt rusl og lífrænt rusl
- tæmi pappír, sem fullnýttur er, í endurvinnslulát
- tíni rusl á skólalóðinni og nánasta umhverfi
- endurnýti pappír
- endurnýti flíkur í textílmennt
- endurnýti náttúruleg efni í hönnun og smíði
- endurnýti/geri við hluti að heiman í hönnun og smíði
- fræði foreldra og samfélagið um umhverfismennt
- fræðist um orku
- fræðist um sjálfbærni og nýti sér þekkingu sína í vinnu í skólanum

Aðferðir:

Reynt er að flétta umhverfismennt inn í sem flestar greinar en hún verður sérstaklega tekin fyrir í náttúrufræði/samfélagsfræði/hönnun og smíði/textílmennt/útikennslu. Nemendur vinna námsefni á vefnum sem er sérstaklega búið til fyrir Þjórsárskóla. Einnig verða ýmsar handbækur um umhverfismennt notaðar. Umhverfi skólans og þjóðskógurinn í Þjórsárdal verða einnig notuð.



Skógarferð: Nemendur við leik og störf vorið 2014

Grænfánastarfið í Þjórsárskóla veturinn 2012-14

Gnúpverjaskóli (eins og skólinn hét fyrir sameiningu) var einn af stofnfélögum Grænfánans, við fengum fyrsta fánann afhentan 2004, síðan 2006, 2008, 2010 og svo 2012 nú sækjum við aftur um að endurnýja fánann.

Starfið í skólanum er í góðri samvinnu skólastjóra, kennara, skólaliða og nemenda. Ég tel að aðalkostur okkar sé hversu góð samvinnan er innan skólans.

Í umhverfisnefndinni sátu árið 2012-2013 Ástráður Unnar Sigurðsson fyrir 7. bekk, Einar Kári Sigurðsson fyrir 6. bekk, Ásgrímur Örn Jónasson fyrir 5. bekk. Árið 2013-2014 sátu Sigurður Arnar Leifsson fyrir 7. bekk, Ásgrímur Örn Jónasson fyrir 6. bekk, Kolbeinn Loftsson fyrir 6. bekk og Leifur Darri Hjörvarsson fyrir 5. bekk, Hrafnhildur Ágústsdóttir situr í nefndinni fyrir ræstitækna og Bolette Høeg Koch er verkefnisstjóri. Alltaf er fundað á skólatíma. Fundir hafa verið færri en oft áður, áætlað var að breyta skipulagi og tímasetningu fundar en minna var úr en ætlað var. Þetta stendur til bóta á næsta ári. Nemendur hafa verið mjög áhugasamir og vinnan gengið mjög vel.

Nefndin byrjaði starfið sitt haustið 2012 á því að setja sér markmið.

Markmið Þjórskóla 2012-2014

Að nemendur

- Vinni verkefni um umbúðir og möguleika á að draga úr þeim
- Tíni rusl í nærumhverfinu
- Vinni stór verkefni úr efni úr Þjóðskóginum
- Fræðist um ræktun á grænmeti
- Rannsaki vöxt trjáa og fleiri planta
- Fræði foreldra og nærsamfélagið um verkefni tengd grænfánum

Áætlun fyrir 2012-2014

- Nemendur vekja athygli og áhuga á umbúðanotkun
- Nemendur stuðli að því að nota sem minnst einnota ílát
- Nemendur safni rusli í einn mánuð í senn, tvisvar á ári, hafa keppni
- Planta fleiri trjám til að mynda skjól við skólann
- Nota efni úr Þjóðskógi til að vinna stærri smíðaverkefni úti
- Nemendur rækti meira grænmeti á skólalóðinni
- Nemendur fylgist með, mæli og geri rannsókn á vexti trjáa á skólalóðinni
- Nemendur fræði foreldra og nærsamfélagið um vinnu tengda grænfánum innan skólans

Um leið og ný markmið voru sett var rætt um gömlu markmiðin og talið best að kynna þau fyrir nýju nefndarmönnum og rifja þau þannig upp vegna þess hversu langt var síðan að þau höfðu verið rædd síðast.

Næsta skref var að meta skólann og nefndin fór í sameiningu yfir umhverfisgátlista, það eru engar stórar breytingar sem koma fram á honum en þó einhverjar. Gátlistinn er í möppu sem geymir Grænfána verkefni og allar fundargerðir eru á netinu. Það var rædd um að gera vinna okkar sýnilegri fyrir nærsamfélagið, við setti markmið um það og skrifað líka í gátlistan.

Þegar yfirferðinni yfir listann var lokið, byrjuðum við að vinna hugmyndavinnu um hvernig við gætum uppfyllt markmiðin sem best og upplýst alla í skólanum um það að hverju væri stefnt



Nemendur hjóla í nærumhverfinu. Hóparnir fara mislangt eftir aldri.

Nemendur voru mjög uppteknir af ofnotkun á umbúðum eftir að Gerður hafði heimsótt okkur og leitt huga þeirra að því. Nemendur söfnuðu upplýsingum úr ferð þeirra á skyndibitastaði á Selfossi. Mikil umræðu varð um þessa staði á Selfossi. Umhverfisnefndin hafði gjarna vilja hafa skyndibitastað nær til þess að geta beitt sér meira á þessu sviði, en hugurinn var mikill og eftir að við fórum að einbeitta okkur að öðrum markmiðum kom umræða um ofnotkun umbúða upp öðru hverju. Þanig að síðast liðin tvö ár hafa nemendur fylgst vel með þróun mála og reglulega rætt það mál á fundum.

Við skipulögðum ruslatísl í kring um skólann og alveg út að tjaldsvæði. Farið er um haust og vor með alla bekk. Á vordögum 2014 tóku svo nemendur í 5.-7. bekk stærra átak og voru mjög öflugir í tínslunni. Mikið var rökrætt um flokkn sorps af því tilefni. Það er erfitt að tína ógeðslegt rusl og þurfa svo að taka það upp úr pokanum þegar heim er komið til að flokka það rétt. Við reyndum að vera með fleiri poka meðferðis, en þá kom upp spurning um notkun plastpoka. Gott er þegar svona umræða verður, það gefur tækifæri til þess að ræða við nemendur um þær klipur sem við erum oft í.

Mikið var plantað af trjám á skólalóðina. Við höfum fengið plöntur úr Yrkusjóði – 2 bakka á ári og sett þær niður við skólanum. Vorið 2013 fannst okkur trén litil sem við fengum svo við plöntuðum þeim í potta og fengum kassa fyrir þau á lóðinni. Þá er áætlun að gróðusetja þau á næsta skólaári.

Nemendur gróðursetja plönturnar á skólalóðinni og mæla þær og fylgjast svo með vexti þeirra. Nemendur hafa allir tré sem er merkt þeim. Einnig höfum við skoðað tré í skógarferðum okkar og við ætlun að byrja nýtt trjáaverkefni í haust. Þá eiga nemendur að velja sér tré og fylgjast með því á öllum árstímum, mæla það, telja greinar, teikna það og fylgjast með hvaða áhrif veðrið hefur á það.

Við fórum í endurbætur á skólalóðinn, það var verið að grisja tré á tjaldsvæði hreppsins og fengum við að hirða langa sprota til að laga skjólveggi við útisvæðið okkar.



Nemendur að vinna á skólalóðinni

Við skipulögðum mikla hreyfingu í nærumhverfinu. Farið var í hina árlegu hjólaferð, nemenda og starfsfólks, þar sem nemendur hjóla mislangt eftir aldri. Allir koma með hjól og hjálma í skólann. Einnig fóru nemendur og starfsmenn saman í gönguferð meðfram Kálfá.



Starfsmenn(eftir vinnu) í gönguferð í nóvember 2012

Við förum í útileg í Þjórsárdalsskógi strax í ágúst á hverju ári og 2013 unnu nemenur stórt verkefni úr efni úr skóginum. Við fengum aðstoð frá Jóhannesi Hlyn Sigurðssyni, starfsmanni skógræktarinnar. Nemendur voru mjög áhugasamir um verkefnið og smíðuð voru tvö borð með áföstum bekkjum. Við fluttum svo borðin á skólalóðina og notum þau við útikennslu okkar. Við fengum góða fræðslu hjá Jóhannesi um nytjaskóg og hvaða tegundir eru best fallnar til að nota í mismunandi verkefni.



Nemendur að setja löpp undir borð

Nemendur yngri bekkja fara gangandi á nærliggjandi bæ og fylgjast með sauðburði að vori. Við förum gangandi upp að landgræðsluvæðinu okkar á Skaftholtfjalli. Við söfnuðum fræi á skólalóðinni og sáðum því uppi á fjallinu haustið 2013. Við erum að bæta við verkefnið okkar með því að taka þátt í vistheimtar verkefni með Landvernd og Landgræðslu Ríkisins. Þegar farið er í skógarferðir í Þjórsárdal göngum við mikið um skóginn.



Nemendur að safna birkifræi



Nemendur nýta nærumhverfi í náminu. Hér í fjárhúsinu og fyrir utan



Undirbúningur fyrir kartöfluræktun 2013



hluti af uppskeru 2013

Við höfum ræktað kartöflur í moltu okkar í mörg ár. Við höldum því áfram. Við fáum góða uppskeru sem nýtt er í heimilisfræði og það sem ekki nýtist þar verður borðað í mötuneyti skólans. Það eru nemendur í 6. ekk sem undirbúa reitinn og setja niður að vori og taka sömu nemendur upp kartöflur að hausti. Vorið 2013 sáðum við gulrófum og gulrótum í kassa inni í skólanum. Fræin spíruðu og voru sett út í endann á kartöflubeðinu. Við fengum því miður ekki uppskeru. Við vonum að það hafi verið veðrið sem stríddi okkur og ætlum við að endurtaka tilraunina.

Reynt er að nota allt sem til fellur í skólanum. Pappak assar voru notaðir í leikmuni, búninga og sviðsmyndir, fyrir utan það að endurnýta þá sem kassa.



Mjólkukassar erum núna hausar á krókúdíll, apa, berjarunna og gíraffa

Á vorönn 2014 var mikið rætt um hvernig við gætum frætt foreldra og nærsamfélagið um starfið okkar og í leiðinni að hjálpa fullorðnum að vinna að sjálfbærni. Ákveðið var að vinna veggspjöld til að setja upp á fimm stöðum í sveitafélagið. Í leikskólanum, þar kemur margt heimafólk ákefjum degi, í sundlaugarnar tvær, þar kemur líka aðkomufólk, á hreppskrifstofuna, við töldum gott að hafa þetta fyrir augum starfsmanna hreppsins og fimmta eintakið hengdum við upp í skólanum. Nemendur í 5.-7. bekk unnu veggspjöldin. Þar var skrifaðir stuttir textar og teknar myndir. Það voru stoltir og ánægðir nemendur sem fóru og fengu leyfi til að hengja spjöldin upp.



Upplýsingar veggspjald



Nemendur með kassanna sína sem var svo raðað í bíl til að fara með til Reykjavíkur

Við vinnum alltaf að öllum markmiðum sem við höfum sett okkur í þessu verkefni og bendi ég í því samhengi á að skoða skýrslu frá okkar fyrri árum. Hér er stiklað á stóru, tæmandi listi yfir verkefni tengd Grænfánaverkefni væri mjög langur.

Við nýtum okkur ýmsa miðla til að vinna að grænfánamarkmiðunum, til dæmis bækur eins og *Ein jörð fyrir alla um ókomna tíð* og Verum græn! Ferðalag í átt að sjálfbærni.

Á netinu notum við <http://www.heimurinn.is/>, <http://www.flokkarinn.is>, ásamt vefrallý sem Bolette vann sérstaklega fyrir Þjórsárskóla <http://www.ismennt.is/not/bhk/umhverfis.htm>

Það er mat nefndarinnar að þau markmið sem sett voru fyrir 2012-14 hafi náðst. Einnig hefur verið farið yfir skrefin sjö. Á þeim forsendum sækir Þjórsárskóli um að fá að endurnýja Grænfánann.

Sýnishorn af fundargerðum umhverfisnefndarinnar

Skólaárin 2012-2014 voru haldnir 14 fundir þar sem fundagerð var skrifuð. Við skráðum ekki fundargerð fyrir alla fundi þetta árið. Fundagerðirnar, gátlistinn og fleira sem tengist Grænfánanum eru geymt í skólanum og hluti birtist á heimasíðu skólans.

http://thjorsarskoli.is/index.php?option=com_content&view=category&layout=blog&id=62&Itemid=82

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 1

Fimmtudagur 18. okt. 2012 kl 12:35

Mæting: Einar Kári, Ásgrímur, Ástráður og Bolette

1. Talað um umhverfisgátlistann.
2. Rætt um markmiðin fyrir næstu tvö árin. Tillögur sem fram komu voru.
 - a. Nota tré í fleiri hluti, módel
 - b. Planta fleiri trjám
 - c. Það sem notað er, er í samræmi við það sem við erum að gera.
3. Ákveðið að halda fund á mánudögum kl. 10:45.

Fundi slitið 13:50

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 2

Mánudagur 22. okt. 2012 kl 10:45

Mæting: Einar Kári, Ásgrímur, Ástráður og Bolette

1. Byrja að vinna umhverfisgátlistann.
2. Ákveðið að halda þessari vinnu áfram.

Fundi slitið 11:00

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 3

Mánudagur 29. okt. 2012 kl 10:45

Mæting: Einar Kári, Ásgrímur, Ástráður og Bolette

1. Héldum áfram að vinna umhverfisgátlistann.
2. Ákveðið að halda þessari vinnu áfram.

Fundi slitið kl 11:05

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 4

Mánudagur 12.nóv. 2012 kl 10:45

Mæting: Einar Kári, Ásgrímur, Ástráður og Bolette

1. Kláruðum gáttlistann og settum hann í möppu.
2. Rætt um markmið næsta árs. Við ætlum að taka fyrir umbúðir og fleira.

Fundi slitið kl 11:00

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 5

Mánudagur 3.des. 2012 kl 10:45

Mæting: Einar Kári, Ásgrímur, Ástráður og Bolette

1. Umræður um markmið, fram kom að gott væri að hressa upp á pappírsflokkun og minna á reglurnar.
2. Hugmynd um að búa til leiðbeiningar fyrir nýja nemendur og starfsmenn.
3. Hægt væri að búa til myndband og fræða foreldra líka.

Fundi slitið 11:10

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 6

Mánudagur 25. feb.2013 kl 10:45

Mæting: Einar Kári, Ásgrímur, Ástráður og Bolette

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
2. Ræddum markmiðin og áætlunina. Hvað eigum við að gera næst?
3. Ákveði að byrja á að sá fræi í bakka. Bolette kaupir fræ.
4. Farið út og hrært í moltutunnunni.

Fundi slitið 11:00

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 7

Mánudagur 4. mars 2013 kl 10:45

Mæting: Einar Kári, Ásgrímur, Ástráður og Bolette

1. Fórum út og hræðum í moltutunnunni og settum í hana pappír.
2. Ræddum mikið um fræinnkaupinn. Keypt var gulróta- og rófufræ. Rætt var um jarðaber en ákveði að byrja með gulrætur og rófur.

Fundi slitið 11:10

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 8

Mánudagur 22. apríl 2013 kl 10:45

Mæting: Ásgrímur, Ástráður og Bolette

1. Hugað að plöntunum í bakkanum. Rætt um sáningu og fræ.
2. Kartöflur settar í kassa til þess að spíra.
3. Bolette kenndi Ásgrími og Ástráði að flagga.

Fundi slitið 11:10

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 1

Föstudagur 18. okt. 2013 kl 9:00

Mæting: Ásgrímur, Leifur Darri, Sigurður og Bolette

1. Lásam saman markmið vetrarins.
2. Ákveðið að finna efni og taka saman upplýsingar fyrir foreldra og nærsamfélagið.
3. Við ætlum að hafa með
 - a. Flokka rusl
 - b. Vernda náttúruna
 - c. Moltugerð og kartöflurækt
 - d. Tína rusl
4. Við ætlum að hugsa um fleiri atriði fram að næsta fundi.

Fundi slitið 9:35

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 2

Miðvikudagur 30. okt. 2013 kl 13:55

Mæting: Leifur Darri, Ásgrímur, Sigurður, Kolbeinn og Bolette

1. Tillaga kom fram um að hafa mánaðarlegar fréttir, á tölvutæki formi.
2. Hengja veggspjöld í sundlaugunum, skólanum, leikskólanum og í Árnesi. Fyrirsögnin á að vera „Verndum náttúru Íslands.“
3. Hræra í moltutunnunni og setja í hana meiri pappír.

Fundi slitið 14:05

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 3

Föstudagur 22. nóv. 2013 kl 9:10

Mæting: Leifur Darri, Ásgrímur, Sigurður, Kolbeinn og Bolette

1. Lásu upp síðustu fundargerð.
2. Rætt var um skipulag fyrir moltutunnu, þannig að allir fengju að hræra.
3. Mikið rætt um veggspjöldin okkar og margar hugmyndir komu fram um stærð og útlit.
4. Hugmynd kom fram um dag með foreldrum þar sem grænnfána verkefnið væri rætt.

Fundi slitið 9:30

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 4

Föstudagur 24. jan. 2014 kl 9:15

Mæting: Kolbeinn, Iðunn, Sigurður og Bolette

1. Rætt um veggspjöldin
 - a. Fara á google til að finna betri myndir
 - b. Skrifa texta
 - c. Skoða líka landgræðsluna
2. Rusladagur í kringum skólann

- a. Allir bekkir tína rusl.
- 3. Ákveðið að allir komi með hugmyndir sínar tilbúnar næst og veggspjaldið verði sett saman.

Fundi slitið 9:35

Fundargerð umhverfisnefndar nr. 5

Föstudagur 11. apríl. 2014 kl 9:15

Mæting: Kolbeinn, Iðunn, Ásgrímur, Einar Ágúst og Bolette

- a. Rætt um grænfána verkefnið og að við væri búin að sækja um í sjötta sin.
- 2. Rætt um það sem við höfum gert síðustu tvö árin
 - a. Tekið til – tína rusl
 - b. Ræktið grænmeti
 - c. Plantað tré
 - d. Landgræðsla
 - e. Smíðað borð með bekkir
 - f. Moltugerð og kartöflurækt
 - g. Farið í gönguferðir
 - h. Dreifið skít
 - i. Fræddi nærsamfélagið
- 3. Ákveðið að leggja meira rægt við moltutunnunni
- 4. Forum út bæti pappír og hræðir í moltutunnunni

Fundi slitið 9:25